



Stjórn SSH 490. fundur

Þriðjudaginn 19. mars 2020, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson stjórnarmenn í SSH og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar og Pétur Krogh Ólafsson. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins Helgi Grímsson og Hrafnkell Á. Proppé.

1. Nýjasta útgáfa skjals Sambands íslenskra sveitarfélaga um aðgerðir til innspýtingar fyrir efnahagslífið

Stendur til að afgreiða skjalið sem fyrsten ekki fyllilega ljóst hvenær það verður gert opinbert.

Umræður, en mismunandi eftir sveitarfélögum hvert fjárhagslegt svigrúm til aðgerða er.

Niðurstaða fundar

Á meðan á stjórnarfundi stóð barst nýjasta útgáfa þessa skjals og ekki gerðar athugasemdir.

2. Flýting verkefna innan samgöngusáttmálans og annarra verkefna

Hrafnkell kynnir drög að minnisblaði sem nú er í vinnslu og dreift var til fundarmanna en ætlunin er að senda það umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Þar er m.a. að finna tillögur um verkefni sem hægt væri að flýta framkvæmdum við.

Umræður

Niðurstaða fundar

Hrafnkell tekur að sér að vinna minnisblaðið áfram í samráði við framkvæmdastjóra SSH, með hliðsjón af athugasemdum stjórnarmanna, þannig að skýrar komi fram hvaða fjárframlaga sé þörf frá Alþingi svo unnt sé að flýta þessum tilgreindu framkvæmdum.

3. Önnur mál

3.1. Forgangslisti Almannaþingarfélags og útfærsla þjónustu vegna hans

Tvö þúsund manns hefur verið bætt við lista sem taldi áður um 18 þúsund. Nú er verið að vinna að forgangsroðun innan listans, þ.e. frekari flokkun í hópa.

Umræður

3.2. Efnahagsleg áhrif COVID-19

Umræða um hvort undirbúningur sé ha finn varðandi efnahagsleg viðbrögð sveitarfélaga vegna COVID-19. Borgarráð Reykjavíkur er að fara yfir sviðsmynd af efnahagslegum áhrifum en ekki búið að setja upp



aðgerðir. Lagt til að fjármálastjórar allra sveitarfélaga hafi samráð og fundi jafnframt með greiningardeild Reykjavíkurborgar.

Niðurstaða fundar

Ákveðið að framkvæmdastjóri SSH sjái um að hafa samband við aðila og boða slíkan fund.

3.3. Fundur um Borgarlínu

Rafræm upplýsingafundur um undirbúning Borgarlínu og önnur verkefni samgöngusáttmálans fyrir kjörna fulltrúa sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hefur verið boðaður föstudaginn 20. mars.

Umræður um hvort rétt sé að fresta fundi m.t.t. aðstæðna.

Niðurstaða fundar:

Ákveðið að halda fundinn samkvæmt áætlun enda talið mikilvægt að undirbúningur Borgarlínu sé í samræmi við áætlun og að upplýsingagjöf vegna hennar sé góð.

3.4. Staða þeirra starfsmanna sveitarfélaga sem þurfa að vera heima vegna ungra barna sem fá skerta þjónustu í dagvistun eða skólum vegna COVID-19

Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa ekki tekið sameiginlega afstöðu til stöðu þessa hóps vegna slíkra fjarvista. Umræður um að þetta sé atriði sem mannauðs- og fjármálastjórar sveitarfélaganna ættu að skoða í sameiningu.

Niðurstaða fundar:

Borgarstjóri mun afla upplýsinga og senda á stjórnarmenn fyrir næsta stjórnarfund.

3.5. Næsti fundur

Næsti fundur áætlaður 22. mars n.k

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 13:05